



867. fundur stjórnar GSÍ, 15. október 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergþóra Sigmundsdóttir og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði jafnframt fundargerð.

1. Fundargerðir
Fundargerðir frá 22. september og 25. september s.l. voru samþykktar og undirritaðar.
2. Stefnumótunarvinna
Rætt um stefnumótun GSÍ 2013-2020, hvað hafi áunnist og hvaða verkefni skuli farið í á næsta ári. Samþykkt að samræma framsetningu verkefnahópa og kynna á golfþingi. Þá verði niðurstöður hópanna tilbúnar á næsta stjórnarfundi til umræðu og kynningar svo þær áherslur nýtist fjárhagsnefnd við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.
3. Lagabreytingar
Forseti opnaði umræður um lagabreytingar og var rætt m.a. um hvort fjölga ætti stjórnarmönnum GSÍ eða breyta uppstillingu þeirra. Jafnframt hvort ekki sé rétt að skilgreina betur hlutverk kjörnefndar í lögum sambandsins. Laganefnd falið að skoða þessar hugmyndir og leggja fram tillögur að lagabreytingum á næsta stjórnarfundi.
4. Golfþing 21. nóvember og málþing GSÍ 20. nóvember
Lögð voru fram drög að dagskrá málþings og golfþings sem fram fer í Fjölbautarskólanum í Garðabæ. Samþykkt að málþingið hefjist kl.17:00 með yfirskriftinni „Framtíð golfíþróttarinnar“. Lodewijk Klootwiik framkvæmdastjóri EGCOA (European Golf Course Owners Association) flytur fyrirlestur á málþinginu þar sem hann kynnir stefnumörkun og sýn samtakanna á framtíð golfíþróttarinnar í Evrópu. Þá var jafnframt samþykkt að fá einhvern sem er í forsvari fyrir svokallaða fyrirtækjaklúbba, til að vera með fyrirlestur þar sem reynt verður að varpa ljósi á framgang og tilurð þeirra.
5. Golfreglur
Rætt um útgáfu á golfreglum 2016-2019, en ný útgáfa þeirra tekur gildi 1. janúar 2016. Samþykkt að skoða ítarlega hversu stórt upplag er nauðsynlegt að gefa út og hvort möguleiki sé á að gefa það út sem app.
6. Staða framkvæmdastjóra
Samþykkt var að bíða með að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra fram yfir golfþing.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:05.